

7. gr.

Allur kosntaður við sorphirðu venjulegs húsasorps greiðist af sveitarsjóði. Þó skal sveitarstjórn heimilt að leggja á árlegt sorphreinsunargjald í sérstakri gjaldskrá sem heilbrigðisráðherra staðfestir og innheimtist með fasteignagjöldum. Fyrir hverja íbúð skal greiða eitt sorphreinsunargjald á ári, en hálf gald fyrir hvern sumarbústað. Fjöldi hreinsunargjalda fyrir opinberar byggingar og þjónustufyrirtæki skal fara eftir mati á umfangi sorphreinsunar frá þessum stöðum. Mat þetta annast sveitarstjórn.

8. gr.

Hafi húsráðandi kvörtun fram að færa vegna sorphirðunnar, skal hann koma slíkri kvörtun til sveitarstjórnar.

9. gr.

Brjóti húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu á sorpi, skulu sorphirðumenn tilkynna það sveitarstjórn eða heilbrigðisnefnd sem gangast þá í því að úr verði bætt. Sorphreinsunarmönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka.

10. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

11. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Austur-Eyjafjallahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi 1. maí 1990.

Ákvæði til bráðabirgða.

Húseigendur í Austur-Eyjafjallahreppi skulu útvega sér ílát fyrir sorppoka sem allra fyrst í samræmi við 3. gr. og eigi síðar en 15. maí 1990.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. apríl 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphreinsun í Austur-Eyjafjallahreppi árið 1990.

1. gr.

Upphæð sorphreinsunargjalds í Austur-Eyjafjallahreppi fyrir árið 1990 skal vera kr. 3 350, sbr. 8. gr. samþykktar um sorphreinsun nr. 172/1990.

Gjaldið skal innheimtast með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er af hreppsnefnd Austur-Eyjafjallahrepps, staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. apríl 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.